

Tillögur frá bæjarfulltrúa Á-lista.

„Bæjarráð samþykkir að gera ríkissjóði tilboð í að kaupa hlutafé Sveitarfélagsins Álftaness í Fasteign á fjórföldu nafnvirði . Andvirði sölunnar verði nýtt til að kaupa íþróttamannvirkin af Fasteign, létta á rekstri bæjarsjóðs og styrkja verulega eiginfjárstöðu sveitarfélagsins“.

Greinargerð; Hlutafé sveitarfélagsins í Fasteign er 400 milljónir að nafnvirði en sakvæmt mati KPMG frá 2008 má áætla að raunvirði hlutabréfanna í frjálsri sölu væri þrefalt til fimmfalt nafnvirð. Lagt er til að ríkisvaldinu verði gert tilboð í að kaupa bréfin á fjórföldu nafnvirði eða á 1.600 milljónir. Andvirðið verði notað til að kaupa til baka íþróttamannvirkin, en framreiknað verð þeirra ætti að vera rúmar 2000 milljónir. Gengi þetta eftir væri létt af rekstri um 150 milljónir árlega og vegna söluhagnaðar hlutabréfanna færðist eigið fé sveitarfélagsins upp um 1.100 milljónir, væri orðið jákvætt og herra en árið 2006. Ætla má að ríkið sjái ýmis tækifæri við það að koma sem eignaraðili að Fasteign og treysta samstarf við þetta fasteignafélag sveitarfélaganna og Háskólans í Reykjavík sem nýtur ríkisábyrgða.

„Bæjarráð samþykkir að gera ríkissjóði tilboð um kaup á lóð fyrir menningar- og náttúrufræðisetur á skipulögðu atvinnusvæði í grænum miðbæ. Lagt er til að söluverð lóðarinnar verði 400 milljónir. Ef ríkissjóður vildi fremur kaupa Áhaldahúslóð sveitarfélagsins við Kasthúsastjörn, fyrir hliðstæða fjárhæð væri sá kostur líka í boði. Sala lóðar fyrir menningar- og náttúrufræðisetur til ríkisstjóðs tengdis þeirri viljayfirlýsingu sem fyrrverandi bæjarstjóri gerði í apríl 2009 við ráðherra umhverfismála og menntamála um samstarf á sviði umhverfis og menningarmála. Andvirði sölunnar verði ráðstafað til kaupa á íþróttamannvirkjum, eða til uppgreiðslu skulda. Með sölunni væri eigið fé sveitarfélagsins styrkt verulega, létt á rekstri og skref stigið fram til nýsköpunar í atvinnumálum á Álftanesi“.

Greinargerð ; Með viljayfirlýsingu, Sveitarfélagsins Álftaness, umhverfisráðherra og menntamálaráðherra frá 8. apríl 2009 var ákveðið að þróa samstarf þessara aðila í umhverfis- og menningarmálum tengt verndun Skerjafjarðar og reksturs gestastofu og vísast í því sambandi til umræddrar viljayfirlýsingar.

Með sölunni er eigið fé sveitarfélagsins styrkt um rúmar 300 milljónir og andvirði sölunnar ráðstafað til kaupa á íþróttamannvirkjum eða til niðurgreiðslu lána. Ef þessi sala gengi eftir, ásamt sölu hlutafjár í Fasteign eins og lagt er til á þessum fundi er eigið fé sveitarfélagsins aftur orðið svipað og fyrir hrun haustið 2008 og mun auðvelda endurskipulagningu bæjarsjóðs.